



KNATTSPYRNUFÉLAG FJARÐABYGGÐAR

Fjarðabyggð - KFG

2. deild karla

Eskjuvöllur

6. júlí 2019

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA LIÐIÐ



ALCOA



Sýsluvinnslan hf



ESKJA

sesam
BRAUÐHÚS



Veisiflugan



Fjarðaspor

Landsbankinn
Sparisjóður Norðfjarðar
TM
Olís
Hamar
Flugfélag Íslands
Bílaleiga akureyrar
Orkusalan
Launafi
Íslandsbanki
Efla, verkfræðistofa

Icelandair
Samhentir, umbúðalausnir
Saltkaup
Eimskip
Egersund
Arion banki
VHE
GP sónar
Samskip
Brammer
Rarik

FJARÐABYGGÐ - KFG

Komiði sælir kærur áhorfendur og veriði velkomnir á leik Fjarðabyggðar og KFG. Okkar menn eru á ágætu skriði og náðu í jafntefli á útivelli gegn Dalvík/Reyni í síðustu umferð þar sem varð markalaust. Liðið er 4 stigum frá öðru sætinu sem gefur sæti í Inkasso deildinni að ári. Sigur í dag yrði því gríðarlega mikilvægur í toppbaráttunni.

KFG, Knattspyrnufélag Garðabæjar, er á svipuðum slóðum og okkar menn. Um er að ræða einhvers konar b lið úr Garðabæ en með því leika tveir fyrrum leikmenn Fjarðabyggðar, Jón Arnar Barðdal og Páll Hróar Helgason. Þá er Veigar Páll

Fjarðabyggð

1. Milos Peric
2. Marinó Máni Atlason
3. Hafþór Ingólfsson
4. Milos Vasiljevic
6. Nikola Kristinn Stojanovic
7. Guðjón Máni Magnússon
8. Jóhann Ragnar Benediktsson
9. Gonzalo Bernaldo Gonzalez
10. Ruben Ayuso Pastor
11. Jose Luis Vidal Romero
15. Hákon Huldar Hákonarson
16. Dusan Zilovic
17. Filip Marcin Sakaluk
18. Hafþór Berg Ríkarðsson
19. Oddur Óli Helgason
20. Bjartur Hólm Hafþórsson
21. Mikael Natan Róbertsson
22. Sveinn Marinó Larsen
23. Freysteinn Bjarnason
24. Hákon Þorbergur Jónsson
25. Stefán Bjarki Cekic

Þjálfari: Dragan Stojanovic

Gunnarsson reglulega í hóp hjá liðinu en hann á að baki fjölmarga landsleiki, eins og fólk veit.

Í síðasta leik KFG vann liðið mjög óvæntan 5-1 sigur á Vestra. Vestfirðingum var gersamlega pakkað saman og skoarði Benedikt Daríus Garðarsson þrennu.

Fjarðabyggð hefur aðeins látið á sér kræla á leikmannamarkaðnum. Hákon Þór Sófusson er snúinn heim og væri gaman að sjá fleiri gamla góða styrkja liðið. Einn ungur bættist svo við en það var Júlíus Óli Stefánsson, sonur Einstaflugs-Stebba. En út með kassann og áfram Fjarðabyggð!

KFG

25. Antonio Tuta (M)
1. Tristan Freyr Ingólfsson
9. Jóhann Ólafur Jóhannsson
17. Magnús Björgvinsson
23. Snorri Páll Blöndal
27. Kristófer Konráðsson
32. Páll Hróar Helgason
33. Daníel Andri Baldursson
35. Benedikt Daríus Garðarsson
39. Arnar Steinn Hansson
47. Guðmundur Ásgeir Guðmundsson

Varamenn:

3. Finn Axel Hansen
7. Arnar Þór Ingason
14. Daníel Fernandes Ólafsson
20. Jonatan Aaron Belányi
25. Veigar Páll Gunnarsson
28. Stefán Daníel Jónsson
30. Kristján Gabríel Kristjánsson

Þjálfari: Lárus Þór Guðmundsson

Ath. Miðað er við leikskýrslu síðasta leiks KFG.

LEIKMAÐUR Í NÆRMYND: HÁKON ÞÓR SÓFUSSON

Það vakti athygli og gleði þegar Fjarðabyggð samdi við Hákon að nýju en Hákon átti þátt í að HK tryggði sér sæti í deild þeirra bestu á síðasta tímabili. Hér svarar Hákon nokkrum spurningum.

Aldur: 1993.

Staða á velli: Hef mest megnis verið á kanntinum á mínum ferli, kannski aðallega vinstra megin.

Hvernig var tíminn í HK? Hann var svolítið kaflaskiptur.

Stemmingin var alltaf góð svosem og við náðum allir vel samann en það voru erfiðir tímar líka þegar ekki gekk vel.

Hvernig líst þér á að vera kominn aftur í Fjarðabyggð? Bara vel.

Auðvitað öðruvísi hópur en ég er vanur. Held að Jói sé sá eini sem ég hef spilað keppnisleik með af þessum hópi en ég þekki mikið af þessum strákum. Ég hlakka bara til að komast í fótbolta, líður eins og litlum polla.

Ef þú mætir velja þrjá gamla liðsfélaga til að snua aftur í liðið, hverja myndirðu velja? Ég get ekki svarað þessu, það myndi brjóta hjörtu, menn færu í fýlu við mig og þú talar ekkert við menn eins og Fannar Árnason þegar hann er í fýlu.

Hvaða markmið ertu með fyrir endurkomuni? Ég er ekki alveg viss, er auðvitað ekki búinn að vera í þessu í 10 mánuði. Ætla byrja koma mér í gang almennilega áður en ég set einhver markmið.

Hverjir helduru að vinni Pepsi Max deildinna? GPL10 siglir þessu heim fyrir Blika.

Uppáhalds fótboltamaður? Ég er grjótharður Poolari og hélt alltaf mikið upp á Fernando Torres en það var löngu áður en hann kom í Liverpool. Horfði mikið á hann hjá Atletico og hann var geggjaður. En svo er það auðvitað Lionel Messi sem er alltaf skemmtilegast að horfa á enda besti leikmaður allra tíma og forréttindi að sjá hann spila.

Ef þú mætir velja skemmtiatriði í hálfleik (eða fyrir leik), hvað myndirú velja? Láta Svein Fannar halda á lofti, fólk hefði gaman að því.

Hvort ertu meira fyrir að daba eða kless'ann? Verð að segja klessann þarna af tvennu illu.

Eitthvað að lokum? Sveinn ég spara sæti við hliðina á mér í klefanum.

